

## Hvernig á að undirbúa nýja starfsgreinakennara í framhaldsskólum?

### Endurskoðun á kennsluréttindanámi eftir rýni frá vettvangi.

Elsa Eiríksdóttir, dósent, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Starfsgreinakennarar í framhaldsskólum (t.d. húsmiðir, snyrtifræðingar, rafvirkjar og matreiðslumenn) þurfa að ljúka 60 ECTS kennslufræðinámi til að öðlast kennsluréttindi (lög nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla). Námið er eingöngu í boði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og er eina leiðin fyrir starfsgreinakennara til að öðlast kennsluréttindi ef þeir ekki hafa stúdentspróf eða frekari menntun.

Á árunum 2017-2018 fékkst styrkur úr Kennslumálasjóði HÍ til að endurskoða námsleiðina í ljósi áskorana sem sneru annars vegar að skipulagningu námsins og hins vegar að innihaldi þess. Nemendum hafði fækkað á þessum tíma og var spurning hvernig bregðast ætti við því, sérstaklega þar sem fyrirsjáanlegar ráðningar á starfsgreinakennurum virtust háðar greinaflokkum og landsvæðum. Vísbendingar voru um að stór hluti starfandi starfsgreinakennara á höfuðborgarsvæðinu hefðu þegar aflað sér kennsluréttinda, en það virtist ekki vera staðan á landsbyggðinni og því spurning hvort aðgengi að náminu væri nægilega gott fyrir þessa nemendur. Einnig þurfti að huga að sérstöðu nemendahópsins, en þessir nemendur eru almennt eldri en nemendur í grunnnámi HÍ, eru oftast í starfi og með fjölskylduábyrgð. Þetta eru gjarnan nemendur sem ekki hafa verið í skóla í langan tíma, hafa jafnvel aldrei ætlað sér í háskólanám og þurfa oft töluverðan stuðning í upphafi náms.

Þessar áskoranir þýddu að tilhögun námsins yrði að vera með þeim hætti að hægt væri að taka námið í fjarnámi án mikils tilkostnaðar. Staðlotufyrirkomulag sem hafði verið við lýði virtist ekki gagnast nægilega vel. Smæð nemendahópsins þýddi einnig að ekki væri hægt að bjóða upp á námið sem staðnám annars vegar og fjarnám hins vegar. Heldur yrði að finna leið til að gefa nemendum þann stuðning sem þeir þurftu óháð búsetu.

Áskoranir sem sneru að innihaldi námsins voru kennslufræðilegs eðlis. Framhaldsskólakennarar og sérstaklega starfsgreinakennarar standa frammi fyrir ýmsum breytingum sem hafa áhrif á starf þeirra. Til dæmis aukinn fjölbreytileiki nemendahópsins og breytt hlutverks framhaldsskólakennara varðandi námskráargerð. Árið 2014 voru hæfniviðmið námsleiðarinnar og námskeiða innan hennar endurskoðuð í samráði við kennara og nemendur. Komið var að því að meta útkomu þessara breytinga, en í því samhengi var einnig nauðsynlegt að skoða stöðu á vettvangi og hvernig námið gæti þjónað markmiði sínu sem best.

Verkefnið snerist um að fá skólastjórnendur og starfsgreinakennara til að ræða og rýna námið með það í huga hvað þyrfti að styrkja, bæta eða breyta. Fækkun nemenda og sérstaða nemendahópsins gaf tilefni til að skoða vandlega hvernig best bæri að haga náminu og kennslufræðilegar áskoranir þýddu að mikilvægt væri að líta til þess hvaða undirbúning nýir starfsgreinakennarar þyrftu á að halda. Ákveðið var að leita til þeirra sem starfa á vettvangi til að tryggja að breytingar á skipulagi námsins og innihaldi væru í samræmi við þarfir framhaldsskólakennara.

Alls voru sjö framhaldsskólar sem bjóða upp á starfsnám heimsóttir á tímabilinu október 2017 til apríl 2018. Þrír þeirra voru á höfuðborgarsvæðinu og fjórir á landsbyggðinni. Í hverjum skóla voru tekin

hópviðtöl við starfsmenntakennara í 2–5 manna hópum ( $N = 25$ ; 24% konur; 92% með kennsluréttindi) og einstaklingsviðtöl við skólastjórnendur ( $N = 11$ ; 63% konur). Öll viðtöl voru hljóðrituð með samþykki. Viðræður við skólastjórnendur sneru meðal annars að framtíðarþörf fyrir kennara, hvernig fyrirkomulag náms myndi henta meðfram kennslu og samstarf í þeim efnum og hvaða undirbúning starfsgreinakennarar þurfi helst. Viðræður við kennara sneru meðal annars að undirbúningi þeirra fyrir starfið, hvað hafi helst nýst þeim úr náminu og hvað þeim finnst vanta, fyrirkomulag námsins og möguleikar í útfærslu. Markmiðið var þannig að fá heildarmynd af kennslufræðilegri stöðu iðngreinkennara og raunsæja mynd af möguleikum á fyrirkomulagi námsins til framtíðar.

Niðurstöður gáfu til kynna ólíkar skoðanir stjórnenda og kennara á skipulagi og hagkvæmni kennslufræðinámsins. Stjórnendurnir ræddu til dæmis að starfsgreinakennarar hefðu ekki nauðsynlega kunnáttu til að starfa innan menntakerfisins (t.d. hvað varðaði ritun og upplýsingatækni), erfiðleika við að ráða yngra fólk til kennslu og fá kennara til að taka þátt í starfsþróun. Kennararnir höfðu meiri áhyggjur af því að finna tíma til að sinna kennslufræðinámi samhliða kennslu, skipulagi vettvangsnámsins (sem þótti of stutt) og almennum tilgangi kennslufræðinámsins. Hvað varðar kennslufræðilegar áskoranir ræddu stjórnendur og kennarar svipuð mál, svo sem að takast á við fjölbreytileika nemendahópa, taka tillit til námsörðugleika, fylgjast með tækni- og upplýsingatækniþróun og viðhalda góðu sambandi við atvinnulífið.

Í framhaldi af þessu verkefni var námsleiðin endurskoðuð á árunum 2019–2020. Skipulagi var breytt og námið skilgreint sem tveggja ára nám með vinnu. Nemendur eru því núna sjálfkrafa skráðir í hálf tít nám (15 einingar á önn). Þessi breyting var möguleg þar sem lögum um ráðningu leiðbeinenda var breytt á sama tíma þannig að hægt væri að ráða þá sem ekki væru með kennararéttindi til tveggja ára ef viðkomandi legðu stund á nám til kennsluréttinda. Einnig var vettvangsnám lengt og tekur nú til bæði haust- og vorannar í samræmi við það sem viðgengst hjá nemendum sem eru í námi til kennsluréttinda í bóknámsgreinum í framhaldsskólum. Til viðbótar var opnað fyrir það að nemendur sem þegar voru í kennslu gætu tekið vettvangsnámið á sínum vinnustað að gefnu leyfi skólameistara. Með þessu var leitast við að auka aðgengi nýrra starfsgreinakennara að náminu. Til að koma til móts við ólíka búsetu nemenda og kall eftir meiri þátttöku var kennslufyrirkomulagi skyldunámskeiða á síðara árinu breytt. Þessi námskeið eru nú kennd rafrænt í rauntíma á fimmtudagseftirmiðdögum. Innihald námsins var einnig endurskoðað. Námskeið um margbreytilega nemendahópa var endurskilgreint og er nú kennt á hverju ári. Nú er sérstaklega lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og algilda hönnun fyrir nám og kennslu. Einnig var bætt inn efni um lagaramma framhaldsskólans og námskrárþróun. Að lokum var vettvangsnám samtvinnað við kennslufræðinámskeið á síðara árinu til að styrkja tengslin á milli fræða og framkvæmdar.

Í erindinu var farið yfir þessa þróun og tekin saman reynsla síðustu tveggja ára. Nú vorið 2023 brautskráist annar hópurinn sem hefur farið í gegnum námið eftir nýja skipulaginu og voru nemendur beðin um endurgjöf. Almenn tölur voru viðbrögð jákvæð og þeim þótti gott að námið væri hlutanám með vinnu og töldu það nægilega áskorun. Einnig var ánægja með lengt vettvangsnám og eins að geta tekið það á eigin vinnustað hjá þeim nemendum sem þegar unnu við kennslu, þó var nefnt að vinna mætti markvissar með þeirra reynslu í starfi, t.d. með aðferðum starfendarannsókna. Reglulegir tímar á fimmtudögum mæltust vel fyrir; sumum þótti mjög gott að hittast reglulega og nefndu að þetta héldi þeim við efnið í náminu, en öðrum þótti tímarnir of margir og stundum illa nýttir. Að tvinna saman vettvangsnám og námskeið í kennslufræði þótti vel heppnað og almenn ánægja var með tenginguna á milli fræðanna og starfsins á vettvangi. Á heildina litið hafa breytingarnar því komið vel út, en nauðsynlegt er að halda áfram að endurskoða og þróa námið í samvinnu við nemendur og vettvang.

